

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/462
komudagur 10. 12. 2001

Frikirkjan í Reykjavík
10. desember 2001.

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, gr. 7. um breytingu á lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld.

Víst er að ef ofangreind 7. gr. frumvarpsins nær fram að ganga þá verður það mikið áfall fyrir Frikirkjuna í Reykjavík og mun valda henni miklum fjárhagsvanda.

Innheimta ríkissjóðs og skil á sóknargjöldum/trúfélagsgjöldum til trúfélaga er ekki framkvæmd skattlagningar eða einhverskonar "útgjöld ríkisins", heldur meðferð á fjármunum sem sóknir og trúfélög eiga með réttu.

Varðandi sérstöðu trúfélagsins Frikirkjan í Reykjavík.

Frikirkjan í Reykjavík er sjálfstætt evangelískt lúterskt trúfélag og hefur verið í örum vexti undanfarin 3-4 árin. U.þ.b. 5600 manns tilheyra nú trúfélaginu og er það stærst þeirra trúfélaga sem standa utan þjóðkirkjustofnunarinnar. Fjöldmargir telja það trúverðugt framtíðar fyrirkomulag trúmála í nútíma samfélagi.

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað vegna endurnýjunar kirkjubyggingarinnar og nýir starfsmenn hafa verið ráðnir.

Trúfélagið Frikirkjan í Reykjavík hefur ekki starfsmann sem er launaður af ríkinu eins og þjóðkirkjusöfnuðir hafa. Né heldur hefur trúfélagið aðgang að þeim ýmsu digru sjóðum sem liggja á milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar þó svo að nákvæmlega sama trúin sé játuð.

Frikirkjan í Reykjavík hefur heldur ekki komið sér upp eigin tekjustofnum, né enn hafið neina markvissa tekjuöflunarstarfsemi eins og ýmis smærri trúfélögin hafa gert og eru þar af leiðandi ekki eins háð sóknargjöldum.

Frikirkjusöfnuðurinn hefur treyst á það innheimtufyrirkomulag þar sem að lögum samkvæmt ríkið innheimtir félagsgjöld fyrir trúfélagið sem annars er frjálst og óháð ríki.

Af þessu leiðir að Frikirkjan í Reykjavík mun fara afar illa út úr fyrirhuguðum lagabreytingum, jafnvel verr en þjóðkirkjustofnunin og önnur trúfélög.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Magni Jóhannsson
Prestur og forstöðumaður
Frikirkjunnar í Reykjavík.